



Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 1 af 2	<b>Áfangalýsing SAGA2BC05</b>	

<b>Búið til – útg.</b>	07.02.2023 – útg. 1
<b>Námsgrein</b>	Saga
<b>Titill</b>	Íþróttasaga
<b>Skammstöfun</b>	SAGA2BC05
<b>Viðfangsefni</b>	Hvernig íþróttir og samfélagsmál hafa fléttast saman frá lokum 19. aldar til nútímans.
<b>Staða áfanga</b>	Samþykkt af skóla
<b>Prep áfanga</b>	2
<b>Einingafjöldi áfanga</b>	5
<b>Lýsing áfanga</b>	<p>Fáir viðburðir vekja eins miklar tilfinningar, áhuga og ástríðu og íþróttaviðburðir. Þrír og hálfur milljarður manna, eða um helmingur mannkyns, horfir á heimsmeistaramót karla í knattspyrnu í beinni útsendingu. Litlu færri horfa á Ólympíuleika. Engir aðrir viðburðir sameina íbúa jarðar á viðlíka hátt. Þessi óviðjafnanlegi áhugi skapar hins vegar mikla hagsmuni; fjárhagslega, stjórnmálalega, félagslega, menningarlega svo dæmi séu tekin. Íþróttir í dag eru enda ekki bara leikur því íþróttaviðburðir fléttast saman við marga helstu atburði mannkynssögunnar.</p> <p>Í áfanganum munu nemendur læra hvernig íþróttir og samfélagsmál hafa skarast síðan fjöldaíþróttir komu fram á sjónarsviðið fyrir um 150 árum. Skoðað verður bæði hvernig stjórnmálamenn hafa notfært sér íþróttir til að afla sér vinsælda en líka hvernig minnihlutahópar hafa mótmælt og vakið athygli á baráttu sinni í gegnum íþróttir. Skoðað verður hvernig hugtök eins og stjórnmál, þjóðernishyggja, stéttabarátta, saga, kyn og kynþættir hafa áhrif á vinsælar íþróttir og öfugt. Tekin verða nokkur dæmi um þekktu íþróttaviðburði og krufið hvernig samfélagsmál hafa haft áhrif á þá og öfugt.</p>
<b>Forkröfur áfanga</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal öðlast þekkingu og skilning á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• helstu atburðum mannkynssögu á tímabilinu og hvernig þeir fléttast saman við íþróttaviðburði.</li> <li>• hvernig íþróttir urðu að mikilvægum þætti alþýðumenningar á 19. öld.</li> <li>• hvernig atvinnumennska, lyfjamisnotkun, sjónvarps- og styrktarsamningar hafa haft áhrif á íþróttir.</li> <li>• hvernig andóf og mótmæli hafa fundið sér farveg í gegnum íþróttir.</li> <li>• hvernig íþróttir eiga þátt í því að skapa sjálfsmynd einstaklinga, þjóða og annara hópa.</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	<b>Áfangalýsing SAGA2BC05</b>	

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• hvernig stjórnámamenn, allt frá einræðisherrum til lýðræðislega kjörinna fulltrúa, nota íþróttir til að bæta ímynd sína.</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• greina hvernig alþýðumenning og stjórnámál skarast.</li> <li>• skilja hvers vegna íþróttir skilgreina fólk eftir stétt og stöðu.</li> <li>• sjá hvernig íþróttir geta sameinað fólk og sundrað því.</li> <li>• skilja hvernig stjórnámál, samfélag og tíðarandi hverju sinni kemur fram í íþróttum og öfugt.</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• miðla þekkingu með fjölbreyttum hætti</li> <li>• greina og túlka helstu atburði í sögu íþróttanna sem og stjórnámálalega og menningarlega þýðingu þeirra.</li> <li>• meta á gagnrýninn hátt samband alþýðumenningar og stjórnámála og hvernig menning nýttar sem farvegur andófs og hugmyndafræði.</li> <li>• greina áhrif stjórnámála á íþróttahreyfinguna.</li> <li>• greina á gagnrýninn hátt málefni samtímans í íþróttum svo sem lyfjamisnotkun, persónuleg áhrif íþróttamanna og markaðsvæðingu íþróttanna.</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	Námsmat er fjölbreytt. Nemendakynningar, umræður í tíma, hlutapróf, skrifleg verkefni löng og stutt munu gilda til einkunnar.